

Ársskýrsla
skógarvarðarins á Vesturlandi
frá 1. júlí til ársloka 1995

Birgir Hauksson
Hreðavatni

01.0 Veðurfar ársins

01.1 Árið gekk í garð með vægu frosti og fallegu veðri. En aðfaranótt 13. janúar brast á með byl og skafrenningi sem stóð meira og minna allt til loka mars. Þessu fylgdi ófærð og hörmungar sem allir þekkja. Eftir þetta tók að skána og vorið kom hægt og sígandi. Þó var maí heldur svalur og í byrjun júní varð alhvítt einn morguninn. Júní var þurr svalur. Júlí og ágúst voru einnig svalir og mikið var um úrkomu, þó voru aldrei neinar stórrigningar. Eða eins og einhver bóndinn orðaði það. "Þetta var eitt þurrasta óþurrkasumar sem ég man eftir". Haustið var svo mjög milt og nánast snjólaust ef undan er skilinn hinn illræmdi bylur 26. október sem stóð mjög stutt hér. Á meðan hann stóð þá lagði Hreðavatn. Rétt fyrir jólin gerði svo nokkuð mikið frost á auða og gegnsósa jörð. Við þetta hljóp frost í jörð sem eflaust verður seint að fara. Árið kvaddi svo með snjófól, þó nokkru frosti og stillu.

01.2 Snjóalög síðari hluta vetrar voru óvenjuleg að því leiti að vindar voru norðanstaðari en menn eiga að venjast hér um slóðir. Vindáttin og veðurhæðin ullu því að miklir snjóskaflar mynduðust á stöðum sem annars er lítill snjór á. Aðfaranót 7. júlí var frost sem olli skaða. Er því nánar lýst síðar. Undir jól gerði langan frostakafla á gegnblauta og auða jörð. Áhrif þessa eiga eflaust eftir að koma í ljós vorið 1996.

02.0 Vöxtur og þrif trjáa, vöktun

02.1 Vöxtur barrtrjáa er í meðallagi en lauftré voru undir meðallagi.

02.2 Fræfall af birki var í minnsta lagi. Svólítið var af könglum á rauðgreni. Engu fræi var safnað í umdæminu á vegum stofnunarinnar.

02.3 Mikið af trjám var brotið eftir veturinn. Það er í raun ótrúlegt hve sver tré hafa hreinlega kubbast í sundur. Þá sviðnaði stafafura þar sem hún stóð áveðurs. Þetta leiddi til þess að hún nýttist mun verr í jólatré.

Aðfaranótt 7. júlí var næturfrost í Borgarfirði og féllu kartöflugrös víða. Eftir þessa nótt fóru víða að visna árssprotar á greni. Þetta skemmdi þó nokkur jólatré í ár.

Eftir byl sem gerði aðfaranótt 26. október skemmdist svólítið af toppum á barrtrjám.

02.4 Segja má að Jafnaskarðsskógur hafi ekki verið fulllaufgaður fyrr en um 10. júní sem er í seinna lagi. Lauffall varð um mánaðarmótin september - október. Skipuleg vöktun hefur ekki farið fram hér og þar af leiðandi hafa engin tré verið valin til að fylgjast með.

03.0 Starfsfólk

03.1 Alls voru ellefu manns á launaskrá hjá deildinni í ár. Í vor var hér maður um skamman tíma við vélaviðgerðir. Þá var hér maður hálfan maí við viðgerðir girðinga. Þessi sami maður sem reyndar hefur verið hér áður var svo skamman tíma fyrir jólin við jólatrjártekju. Í sumar voru fjórir ungir menn starfandi hér auk ráðskonu í hálfu starfi. Í júní og fram í júlí vann hér gamalreyndur starfsmaður í sumarfríinu sínu, Ásgeir Ásgeirsson. Var það ómetanlegt að hafa hann þar sem þrír af hinum voru alls óvanir. Þá var Gunnar Freysteinnsson ráðinn í haust til að gróðursetja. Hann var að mestu einn við það verk en fékk þó mann með sér í eina viku. Vil ég sérstaklega hrósa honum fyrir vel unnin störf. Auk þessa fólks voru Haukur Ragnarsson og Birgir Hauksson á launaskrá hér. Alls voru unnar hér 64.98 vinnuvikur eða 1.25 ársverk lausráðins fólks. Þar af voru 23.10 vinnuvikur eða 0.44 ársverk kostuð af Skeljungu en það var vinna við opnun og lagningu göngustíga um Jafnaskarðsskóg.

03.2 Undirritaður Birgir Hauksson var settur skógarvörður frá 01.07.95 til 01.10.96 í rannsóknarleyfi Hauks Ragnarssonar. Ég hef verið fastráðinn verkstjóri frá því að Haukur tók til starfa sem skógarvörður vorið 1978. Áður var ég sumarverkstjóri hjá Daníel Kristjánssyni. Það má því segja að undirritaður sé erfðagóss á milli skógarvarða. Ekki var ráðinn nýr verkstjóri við þessar breytingar og er það að mörgu leiti mjög bagalegt. Hvað svo verður eftir fyrsta okt. 1996 er alls óráðið á þessari stundu.

04.0 Lönd

04.1 Engar breytingar urðu á leigu- eða eignarlöndum í umdæminu.

Þó ber að geta þess að Skógrækt ríkisins var skráð sem leiguliði eftirtaldrá landa hjá Fasteignamati ríkisins án þess að samningar væru til:

Gilbakkagirðing, Hvítársíðuhreppi í Mýrasýslu.

Síðumúlagirðing, Hvítársíðuhreppi í Mýrasýslu.

Hreimsstaðagirðing, Borgarbyggð í Mýrasýslu.

Hörðubóls- og Geirshlíðargirðing, Dalabyggð í Dalasýslu.

Á grundvelli þessarar skráningar ætluðu viðkomandi sveitarfélög að innheimta fasteignagjöld. Þetta hefur nú verið leiðrétt.

04.2 Girtar voru nýjar girðingar vestur í Dölum og aðrar fóru mjög illa undan sköflum þar. Þar sem Haukur Ragnarsson sá alfarið um allar framkvæmdir fyrir vestan gerir hann væntanlega nánari grein fyrir þeim málum í sinni skýrslu.

Í Borgarfirði leit ekki vel út með girðingar er líða tók að vori vegna snjóá. Úr rættist og skaflar þiðnuðu hægt og rólega þannig að girðingaviðhald var lítið meira en í meðalári á flestum stöðum. Þó eyðilögðust kaflar hér og hvar. Hvergi var þó um það langa kafla að það taki því að telja þá upp hér.

Lagður var um 700 metra langur vegur niður undir Norðurá í landi Litla- Skarðs. Þessi vegagerð var til að bæta aðgengi veiðimanna að ánni. Var þetta gert að ósk leigutaka árinna og ætti þetta að styrkja stöðu okkar hluts í ánni í nýju mati sem er verið að vinna að. Fengnir voru verktakar úr nágrenninu til þessa verks.

05.0 Skógarhögg

05.1 Engin grisjun var í ár þrátt fyrir brýna nauðsyn.

05.2 Birkiarinkubbar voru framleiddir úr birki úr Norðtunguskógi. Kubbarnir eru klofnir og settir í ca. 20 kg poka. Þessi framleiðsla er að mestu seld innan héraðs og hefur líkað vel.

Seldir arinkubbar.....149 pokar.

Jólatré voru tekin í Jafnaskarðsskógi og Noðtunguskógi. Byrjað var 8. nóvember og tekin rauðgreni og stafafura. Um aðrar tegundir er ekki að ræða. Trén voru flutt jafn óðum heim að Hreðavatni þar sem þau voru snyrt og rauðgreninu síðan komið fyrir í vatnsfötum í gömlu fjósi sem þar er.

Trén flokkuðust á eftirfarandi hátt:

Stærð í cm	Rauðgreni fjöldi	Stafafura fjöldi
070 - 100	6	7
101 - 125	27	41
126 - 150	37	28
151 - 175	25	19
176 - 200	17	11
201 - 250	7	1
251 - 300	7	
301 - 400	4	
Samtals	<u>130</u>	<u>107</u>

Seld jólatré samtals.....237 stk.

Mikið var haft fyrir því að finna þessi jólatré. Það er því augljóst að á næstu árum verða tekin hér mun færri tré ef fylgt verður sama gæðastaðli og hingað til.

06.0 Plöntuframleiðsla

Engin plöntuframleiðsla er á vegum stofnunarinnar í umdæminu.

07.0 Gróðursetning

07.1 Ekkert var unnið að undirbúningi lands fyrir gróðursetningu í ár. Það er því ekkert land tilbúið til gróðursetningar hér eins og æskilegt væri. Ef menn vilja nú byrja á byrjuninni þá liggur hér fyrir áttak í kortlagningu og skipulagsmálum.

07.2 Gróðursetning var með allra minnsta móti í vor. Haustgróðursetning sem ákveðin var af fagmálastjóra með aukafjárveitingu og litlum fyrirvara bætir töluna á gróðursettum plöntum hér.

Þær plöntur sem komu hingað var ráðstafað á eftirfarandi hátt:

Frá Vöglum 832127 Rauðgreni Rana 2/3 Beð	<u>2000 stk.</u>
Norðtunguskógur	1000 stk.
Jafnaskarðsskógur við Merkjaborg	1000 stk.
Frá Tumastöðum Steinbirki 2/0 Fp. 40 g.	<u>200 stk.</u>
Jafnaskarðsskógur Hreðakotsbrekkur	100 stk.
Geymt á Hreðavatni	100 stk.
Frá Hallormsst. 930028 Stafafura Taralds. 1/0 Fp. 67g.	<u>20.000 stk.</u>
Hreðavatn Seldalur	19000 stk.
Gefið og hent	1000 stk.

Alls voru því gróðursettar 21.100 plöntur hjá deildinni á árinu.

08.0 Umhirða

08.1 Einungis var borið á skjólbelti í túni á Hreðavatni og Asparklónasafn í túninu í Litla- Skarði.

Aðeins var klippt frá í litlum jólatrjárreit í Jafnaskarðsskógi ca 1/2 ha.

Ekkert var unnið við umhirðu að öðru leiti þrátt fyrir brýna nauðsyn.

09.0 Byggingar vélar og verkfæri

09.1 Ekki urðu neinar eignabreytingar á tímabilinu.

Ekki var heldur unnið við viðhald að neinu ráði hvorki á vélum eða húsum þó óneitanlega sé meiri þörf á slíku en sinnt er.

10.0 Fjármál

10.1 Sjá hjálagt fjárhagsyfirlit fjármálastjóra.

11.0 Ýmislegt

11.1 Ekki eru rekin tjaldstæði eða leyft að tjalda í löndum sem deildin hefur umsjón með.

Stígandi hefur verði í umferð fólks um lendur Skógræktarinnar undanfarin ár. Fjöldi ferðamanna jókst þó mjög í Jafnaskarðsskógi eftir opna daginn í ágúst en um 600 manns heimsóttu skóginn þann dag.

Nemendur tveggja skóla úr nágrenninu komu í heimsókn í Jafnaskarðsskóg og fór ég með þeim í fræðsluferð um skóginn.

Þá komu rúmlega hundrað eldri borgarar úr Reykjavík í haustheimsókn í Jafnaskarðsskóg og skemmtu sér hið besta í einstaklega fallegu veðri.

Yfirstjórn Skógræktarinnar kom í heimsókn 16. - 17. febrúar og fór yfir stöðu mála.

Skógarmenn frá Vöglum og Hallormsstað komu í heimsókn 28. september á leið sinni umhverfis landið. Sigurður Skúlason á hrós skilið fyrir frumkvæði að þessari ferð og er óskandi að skógarmenn hittist meira og kynnist betur á komandi árum.

11.2 Ég var á námskeiði hjá Iðntæknistofnun 15. - 17. mars í kynningartækni. Þetta námskeið var mjög gagnlegt og er farið að skila nokkrum árangri hér. Ekki veitti af því skógarvörðurinn var algjör rati í kynningu á sjálfum sér hvað þá öðru.

Keðjusagarnámskeið var í Skorradal 28. - 30. mars. Leiðbeinendur voru Skúli Björnsson og Böðvar Guðmundsson. Námskeiðið þótti heppnast mjög vel og mætti vera meira af slíku.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn dagana 1. - 3. september á Egilsstöðum. Undirritaður sótti þennan fund. Er þetta

fyrsti fundur af þessu tagi sem ég sæk. Margt var fróðlegt að sjá og heyra á þessari samkomu.

Deildarstjórafundur var hjá Kristni í Fossvoginum dagana 30. -31. október. Fundurinn var fróðlegur og góður. Þá má nefna að aðstaðan og og aðbúnaður hjá þeim feðgum er til fyrirmyndar.

Ég fór með ráðuneytisstjóra Landbúnaðarráðuneytissins vestur í Búðardal 14. nóvember og hlustaði á hugmyndir sveitarstjórnarinnar um vinnu í löndum Skógræktarinnar þar í sveit. Þessar hugmyndir voru mjög óljósar.

11.3 Daði Björnsson var hér föstudaginn 8. september og kortlagði Seldal í landi Hreðavatns. Þetta kort var svo notað við gróðursetningu á stafafuru í haust.

Engar tilraunir eða mælingar fara fram í löndum Skógræktarinnar í umdæminu svo að ég viti. Þó veit ég af nokkrum aspartilraunum víðs vegar um Vesturland en hvernig þeim reiðir af hef ég ekki hugmynd um.

11.4 Deildin vann að venju ýmis störf fyrir aðra s.s. girðingarvinnu, gróðursetningu ofl. Að vísu var þessi útselda vinna með minna móti í ár vegna fámennis og anna.

Skógardagur var haldinn í Jafnaskarðsskógi laugardaginn 19. ágúst. Undirbúningur var hafinn seinni partinn í júní og má segja að hann hafi staðið sleitulaust fram að deginum. Lagðir voru göngustígar í framhaldi af þeim sem lagðir voru árið áður. Þegar upp var staðið var búið að leggja 2.5 km langan hring sem býður upp á frábært útsýni og mikla náttúrufegurð. Hringurinn liggur um erfitt land þar sem virkilega reyndi á menn að finna hagkvæmar lausnir á ýmsum vandamálum. Allt gekk þetta upp á endanum. Erfiðast reyndist þó að koma mól upp brekkurnar eftir úrkomusamt sumar. Prautarlendingin var sú að draga sturtuvagninn upp með Hreðakotsbrekkum á gömlu ýtunni sem er árgerð 1946.

Sjálfur dagurinn heppnaðist með eindæmum vel. Það heimsóttu okkur um 600 manns í sól og sterkjuhita. Allir virtust ánægðir og áttu vart orð til að lýsa náttúrufegurðinni þarna. Um kvöldið fór svo að rigna aftur.

Ólafur Oddsson sá um skipulagningu og var tengiliður samstarfsaðilana. Allir þeir sem unnu við undirbúning og framkvæmd þessa skógardags unnu mjög gott starf og eiga þakkir skildar.

Hreðavatni 15. febrúar 1996.

Birgis Hauken
Skógarvörðurinn á Vesturlandi.

Á R S S K Ý R S L A

v/ framkvæmda í Dölum árið 1995

Unnið var á þremur stöðum í Dalasýslu sumarið og haustið 1995, Ketilsstöðum, Laxaborg og Skógum.

Ketilsstaðir:

Í Ketilsstaðagirðingu voru settir 2000 víðigræðingar.

Laxaborg:

Í Laxaborg var ýtt úr skurðaruðningum og girtur 1275 metra kafli á merkjum Brautarholts og Laxaborgar. Þá er aðeins eftir að girða 575 metra kafla meðfram þjóðvegi til þess að allt land Laxaborgar sé girt nýjum gripheldum girðingum. Raunar stóð til að girða þennan kafla í sumar, en vegna óhagstæðrar heyskapartíðar vannst Gunnari bónda í Álfheimum ekki tími til að taka hann fyrir að sinni, og verður hann að bíða næsta sumars. Mjög vel er vandað til allra þessara girðinga.

Þá voru undirbúin skjólbelti í Laxaborg fyrir norðan skógarlundinn og bústaðinn. Hugmyndin er að þau taki í sig hluta af þeim snjó, sem annars skefur í lundinn, og hefur valdið miklum sköðum í snjóavetrum, eins og t.d. á síðastliðnum vetri. Þá má heita að allur lundurinn hafi horfið í snjó. Tvívegis varð að moka ofan af þakinu á Laxaborg. Í seinna skiptið var 1 meter niður á strompinn. Þrátt fyrir þetta kom húsið vel undan vetri. Miklar skemmdir urðu hinsvegar á trjágróðrinum.

Skógar.

Rúnar bóndi á Valpúfu og Bragi í Galtartungu tóku að sér að girða í Skógum. Vegna slæmrar heyskapartíðar, sem áður er getið, höfðu þeir minni tíma aflögu til girðingarvinnu en ella. Girtur var 1020 metra kafli meðfram Efribyggðarvegi og síðan 1640 metra kafli í girðinguna, sem S.r. girti á sínum tíma í landi Staðarfells, alls 2.66 km. Girðingin sem girt var beggja vegna þjóðvegarins 1993 fór mjög illa sl. vetur, einkum ofan vegarins, og verður talsvert verk að lagfæra hana að vori.

Til þess að loka girðingunni ofan vegar þarf nú um 400 m girðingu til viðbótar, og er þá gert ráð fyrir að girða í þann hluta túngirðingarinnar á Hellu, sem liggur meðfram Helluánni. Til þess að loka girðingunni neðan þjóðvegar er ætlunin að girða í túngirðinguna í Skógum, og láta hana duga í bili, eða einhver ár, þetta er um það bil 300 m kafli. Vesturgafli Staðarfellsgirðingarinnar liggur niðri á um 250 m kafla og þarf að endurbyggja hana.

Mógilsá í janúar 1996

Haukur Ragnarsson